



Forsætisnefnd

FORSÆTISNEFND 31. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um framkvæmd slembivala í íbúaráð

Þann 3. febrúar var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Hvernig hefur slembival í íbúaráð gengið eftir hverfum borgarinnar?

2. Hefur þurft að kjósa oftar en einu sinni í einhverjum hverfum?
3. Hversu oft hefur þurft að kjósa til að ná fulltrúa inn í íbúaráðin?
4. Er búið að kjósa í öllum hverfum og íbúaráðin þar með fullmönnuð?
5. Hvaða forsendur/ástæður lágu að baki því að þeir sem lentu í slembivali sáu sér ekki fært að taka sæti í íbúaráðunum tæmandi talið?

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Slembival í íbúaráð Reykjavíkurborg er framkvæmt í gegnum kerfi sem útbúið var af fyrirtækinu Premis. Fyrsta slembival fór fram í íbúaráð Reykjavíkur þann 11. nóvember 2019. Alls hefur verið slembivalið fjórum sinnum. Tvisvar hefur þurft að framkvæma framhaldsathöfn fyrir eitt hverfi vegna þess að upplýsingar frá Þjóðskrá sýndu fram á að slembivalinn borgarbúi uppfyllti ekki skilyrði til þátttöku í ráði á vegum Reykjavíkur. Eingöngu einstaklingar sem uppfylla skilyrði til þátttöku í ráði á vegum Reykjavíkur, sbr. 2. og 3. mgr. 52. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, geta orðið fulltrúar í íbúaráðum. Borgarbúar sem annað hvort eru starfsmenn Reykjavíkur eða hafa ekki rétt til þess að kjósa í sveitarstjórnarkosningum geta ekki tekið sæti í íbúaráði. Enn á eftir að finna varafulltrúa fyrir íbúaráð Grafarvogs og fulltrúa og varafulltrúa fyrir íbúaráð Kjalarness. Eingöngu var slembivalið einu sinni fyrir íbúaráð Háaleitis og Bústaða en valið var endurtekið fyrir hin hverfin.

Í hvert sinn sem slembivalið er framkvæmt er þess gætt að þrír starfsmenn séu viðstaddir að lágmarki og að hvert skref í aðgerðinni sé skráð. Slembivaldir borgarbúar fá bréfpóst þar sem þeim er boðin þátttaka í íbúaráði í sínu hverfi. Slembivöldum er leiðbeint að þeir hafi 10

daga frá dagsetningu bréfsins til að ákveða hvort að þeir kjósi að taka þátt. Slembivöldum er jafnframt leiðbeint að hafa samband við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með tölvupósti eða í síma fyrir frekari upplýsingar. Haft er samband við slembivalda í síma þegar það er hægt. Slembivaldir borgarbúar sem talað var við og höfðu þátttöku sögðust ekki telja að íbúaráðin hentuðu þeim eða að þeir ættu erfitt með að taka þátt vegna vinnu sinnar.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar